



## Samráðshópur um málefni aldraðra Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

3. fundur Samráðshóps um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 20. febrúar 2023 kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Sigríður Birna Guðjónsdóttir

Guðrún Margrét Njálisdóttir

Þorkell Gunnarsson

Kristín Karólína Karlsdóttir

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, heilsu- og tómstundafulltrúi

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðrún Ása.

#### 1. Farið yfir svör við spurningarlista fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu.

*Svör við könnuninni voru 30 en 104 eldri borgara eru skráðir með lögheimili í sveitarfélaginu.*

*Helstu niðurstöður:*

*Eldri borgarar kjósa helst að fá upplýsingar frá sveitarfélaginu í gegnum Facebook hóp eldri borgara, Hvatarblaðið og í tölvupósti.*

*Slitgigtarskólinn er vinsælasta hreyfingin og svo gönguferðir.*

*Góð mynd fékkst af því hvernig snjalltækjanámskeið ætti að bjóða*

*Áhugi er fyrir því boðið verði upp á handverkssmiðjur, sérstaklega prjónasmiðju og tréútskurð.*

*Eldri borgarar vilja gjarnan hittast, fá sér kaffi og spjalla reglulega.*

*Þeim finnst sæludvölin á hótelinu ómissandi en vilja líka fara í fleiri styttri ferðir.*

*Vilji er til að taka þátt í kostnaði við starfið.*

*Langflestum finnst að bjóða ætti íbúum frá 60 ára aldri að taka þátt í starfinu.*

*Annað sem kom fram var ánægja og þakkir fyrir það sem nú er gert fyrir eldri íbúa.*

*Út frá þessum svörum stendur til að*

- *bjóða í kaffi og spjall í mars þar sem þátttakendur borga 500kr.*
- *Skipuleggja gönguferðir þega vora fer.*
- *Guðrún Ása kannar með hótelferð í vor.*

#### 2. Spurt um frístundastyrk eldri borgara þar sem að námskeið slitgigtarskólans, sem margir taka þátt í, eru að hækka í verði.



## Samráðshópur um málefni aldraðra Grímsnes- og Grafningshrepps

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 14:10

Næsti fundur verður í vor og Guðrún Ása boðar hann þegar að því kemur.